



Reykjavík 1. apríl 2022

## Efni: Áskorun til stjórnmaflokka að beina sjónum að málefnum innflytjenda í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill minna á að á Íslandi búa 55 þúsund erlendra ríkisborgara samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár. Af þeim hafa 31.763 einstaklingar kosningarétt í komandi sveitarstjórnarkosningum.<sup>1</sup> Skilyrði til kosningaþátttöku eru þriggja ára samfelld búseta hér á landi og að hafa náð sjálfræðisaldri. Tekið skal fram að þessi fjöldi felur ekki í sér þá sem hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt en hann hljóta nokkur hundruð manns ár hvert. Fjöldi innflytjenda sem hafa kosningarétt nú í vor er því mun meiri en fyrrnefndar tölur gefa til kynna.

Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum í hópi innflytjenda er almennt lítil og samkvæmt tölum úr sveitarstjórnarkosningum árið 2018 nýtti einungis fimmtungur innflytjenda kosningaréttinn, en tekið skal fram að þá voru skilyrðin enn strangari en þau eru nú. Sérfræðingar í málefnum innflytjenda telja að takmarkaða þátttöku í kosningum megi rekja til upplýsingaskorts mun fremur en áhugaleysis.<sup>2</sup>

Sveitarstjórnarstigið stendur íbúum nærri og sinnir margvíslegum þörfum þeirra. ASÍ skorar á stjórnmaflokka í framboði á sveitastjórnarstigi að ávarpa innflytjendur sérstaklega, skilgreina hagsmuni þeirra og þarfir og taka upp sem stefnumál flokksins. Mikilvægt er að koma upplýsingum skilmerkilega á framfæri til innflytjenda sem jafnframt hvetur til þátttöku í samfélaginu og eykur um leið líkur á kosningaþátttöku.

Til viðbótar við ofangreindar upplýsingar langar mig að koma á framfæri niðurstöðum úr óformlegri könnun sem lögð var fyrir ráðgjafahóp ASÍ á dögnum. Ráðgjafahópur þessi samanstendur af 20 einstaklingum af erlendum uppruna, af 16 þjóðernum, sem eiga það sameiginlegt að vera í virkum tengslum við landa sína hér á landi. Aðspurð um hvaða málefni þau vildu að stjórnmaflokkanir legðu áherslu á í komandi kosningabaráttu nefndu flest umbætur í húsnæðismálum, þ.á m. að brugðist verði við háu leiguverði og óaðgengilegum fasteignamarkaði. Þá var nefndur fjölþættur vandi varðandi menntun barna, jaðarsetning þeirra og skortur á viðeigandi aðstoð. Síðast en

<sup>1</sup> samanber óbirtar bráðabirgðatölur Þjóðskrár. <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2022/01/12/Erlendir-rikisborgarar-busettir-a-Islandi-i-januar-2022/>

<sup>2</sup> <https://www.ruv.is/frett/fimmti-hver-innflytjandi-kyshttps://www.ruv.is/frett/fimmti-hver-innflytjandi-kys>.

ekki síst hafa þau áhyggjur af aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi; staðalmyndum, aðgengi að íslenskukennslu og skorti á tækifærum.

Líkt og áður hyggst ASÍ hvetja innflytjendur til að nýta sér kosningarétt sinn í komandi sveitastjórnarkosningum.

Nú þegar samfélagið stendur frammi fyrir þeirri áskorun að taka á móti flóttafólki frá Úkraínu leyfi ég mér að minna á hversu mikilvægt er að vel takist til og að lögð verði áhersla á að vinna gegn hvers kyns jaðarsetningu þeirra sem leita skjóls á Íslandi.



Drífa Snædal  
Forseti Alþýðusambands Íslands